



Reykjavík, 31. október 2024

USK24050137

## Korpúlfsstaðir Thorsvegur 1 Athugasemdir vegna breytinga á deiliskipulagi

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Teiknistofunnar Storðar ehf., dags. 13. maí 2024 ásamt bréfi Hermanns Georgs Gunnlaugssonar, dags. 13. maí 2024, um breytingu á deiliskipulagi Korpúlfsstaða vegna reits B á lóð nr. 1 við Thorsveg. Í breytingunni sem lögð er til felst m.a. að reiturinn verði einnig skilgreindur fyrir vélageymslu með starfsmannaaðstöðu Golfklúbbs Reykjavíkur og að núverandi efnisgeymsla sem hólfuð er niður með stoðveggjum standi áfram a lóðinni. Hámarksstærð byggingar verði 600 fm og hámarkshæð byggingar vélgeymslu verði 7 m frá neðstu gólfplötu. Bílastæði miðast við 1 stæði á hverja 100 fm og verða því 6 og hjólastæði miðast við 0,6 stæði á 100 fm og verða því 4, samkvæmt deiliskipulags- og skuggavarpsuppdráttum Teiknistofunnar Storðar ehf., dags. 19. júní 2024, br. 21. október 2024. Erindið var grenndarkynnt frá 7. ágúst 2024 til og með 4 september 2024. Eftirtaldir sendu athugasemdir:

Hildur Jónsdóttir  
Veitur

28. ágúst 2024  
7. ágúst 2024

### Hildur Jónsdóttir

Á teikningum kemur fram að húsið má vera með 7m hæðarmark sem er á við 2ja hæða blokk og 600 fermetrar er nokkuð stórt svæði. Ég tel afleitt að byggingarmark skuli vera svona hátt og stórt að grunnfleti. Mig langar að benda á þetta fyrirhugaða hús þarf að kallast á við Korpúlfsstaði bæði hvað varðar lit og form. Sér í lagi á þaki.

Það þarf að Vera í svipuðum stíl og burstir gamla hússins og tóna við í litum.

Ennfremur finnst mér 600 fm bygging allt að 7 m. á hæð verða algert bákn í þessu fallega umhverfi. Ég vil líka nefna að þetta hús er mikil menningarbygging sem er að verða hundrað ára gömul og geymir mikla sögu. Húsið er friðað og það skiptir miklu máli að allt sem rís í návígi við Korpúlfsstaði sé gert með virðingu við það fallega hús.

### Svar:

Eftirfarandi var bætt inn á uppdrátt til þess að tryggja að hönnun byggingar muni taka mið af umhverfi sínu ásamt sögulegu og menningarlegu mikilvægi Korpúlfsstaða.

*"Bygginganefndarteikningar skulu vera lagðar fyrir Umhverfis- og skipulagsráðs vegna nálægðar við Korpúlfsstaði sem er mikilvæg menningarbygging í sögulegu samhengi."*



Reykjavík



### Veitur

Veitur vilja benda á að vatnslögn liggur þar sem nýr byggingarreitur er áætlaður. Ef óskað er eftir færslu á lögninni þá þarf það að vera gert með góðum fyrirvara og í samráði við Veitur. Kostnaður við færslu á lögninni er hjá þeim sem óskar eftir færslunni.

### Svar

Lóðarhafi hefur í samráði við Veitur ákveðið að flytja lögnina á eigin kostnað. Kvöð um nýja staðsetningu lagnar er bætt inn á uppfrátt ásamt eftirfarandi texta í skilmála:

„Núverandi vatnslögn liggur í gegnum byggingarreitur skal færð. Ef óskað er eftir færslu á lögninni þá þarf það að vera gert með góðum fyrirvara og í samráði við Veitur. Kostnaður við færslu á kaldavatnslögninni er hjá þeim sem óskar eftir færslunni. Kvöð og lega afmörkuð á uppdrætti.“

### **f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**

Hrönn Valdimarsdóttir

verkefnastjóri



**Reykjavík**